

Ég Alfreð Símonarson, hvet allann þingheim til að styðja við að leifa CBD í opiberri sölu sem fæðubótaefni. Þessi tegund af kannabíóða veldur ekki vímu en hefur átt í aðkasti ákveðina affla sem vilja halda þessu áfram á bannlista. Það eru óteljandi dæmi sem sýna fram á að CBD slær á krampa og hefur hjálpað manneskjum við mjög mörgum kvillum. Ég vill einnig að kannabisplantan (í heild sinni þá einnig THC) verði afglæpavædd eða sett í lög samanber áfengi og tópak.

285. mál, þingsályktunartillaga
150. löggjafarþing 2019–2020.

Ég Arnar Þór Sigríðarson vill að Cbd sé í almennri sölu og tel það mannréttindabrot að meina mér og öðrum (sérstaklega sjúklingum) aðgang að efninu þar sem að þetta er ekki vímuegja.

Hættið nú þessari forræðishyggju og spillingu. Við erum ekki það heimsk að það þurfi að hugsa fyrir okkur.

Ég hvet eindregið til samþykkis þessarar tillögu.

Mér finnst ekki ástæða til að telja upp jákvæðar ástæður þess, háttvirtir þingmenn hljóta að hafa kynnt sér málið vel og eru nú vel upplýstir um möguleika þessarar frábæru plöntu.

Ég vil þó minna á nýfallinn dóm í Svíþjóð þar sem CBD afurðir eru skilyrðislaust flokkaðar sem fæðubótarefni en EKKI lyf.

Að sjálfsgöðu.

Með fyrirfram þakklæti og virðingu.

Arnbjörn Arason

Reykjavík 26. nóvember 2019

Efni: Umsögn IOGT á Íslandi um „Þingsályktunartillögu um sölu á CBD í almennri sölu. 150. löggjafarþing 2019–2020. Þingskjal 321 — 285. mál.“^[1]

IOGT á Íslandi leggst eindregið gegn þessari þingsályktunartillögu sem myndi leyfa notkun á CBD sem er efni sem hefur áhrif á endókannabínóíð-kerfi líkamans.

Bindindissamtökin IOGT vinna mikið með almenningi í grasrótarstarfi, þar kemur fram mikil andúð samfélagsins á frumvarpinu. Við fögnum því þegar kallað er eftir sérþekkingu frjálsra félagasamtaka sem eru virk í forvörnum og fjallað er um breytingar á lögum sem heyra til forvarna í landinu.

Tillaga þessi er í algerri mótsögn við heilbrigðisstefnu þessarar sem og fyrri ríkisstjórna.^{[2] [3]} Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) bendir á að notkun vímuefna er þáttur í ósmittænum sjúkdómum og hvetur allar þjóðir til að draga úr neyslu vímuefna^[4]

IOGT telur að allar tillögur um tilslökun á lögum gegn áfengi og öðrum vímuefnum vinni gegn heilbrigðisstefnu, Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Öll umræða um tilslakanir er óabyrg og veldur óvissu um hvort vímuefni séu minna hættuleg nú en áður. Það er á abyrgð Alþingis að standi vörð um þá löggjöf sem snýr að áfengi og öðrum vímuefnum ásamt því að setja margfalt meira fé í meðferð og forvarnir því betra er heilt en vel gróið. IOGT á Íslandi telur allt of mikla áhættu tekna við tilslakanir á löggjöfinni og vill að fylgst sé betur með öðrum þjóðum til lengri tíma til að sjá þeirra reynslu því það eru ekkert rosalega umfangsmiklar rannsóknir sem hafa verið gerðar. Rannsóknir á langtímaáhrifum þess THC sem finnst í CBD olíunni hafa ekki verið rannsakaðar sérstaklega svo okkur sé kunnugt. Við höfum í raun ekki nægar upplýsingar í dag um CBD í læknisfræðilegum tilgangi til að taka áhættulausa ákvörðun. Rannsóknir á aukaverkunum hjá einstaklingum sem nota CBD olíu hafa ekki verið rannsakaðar nægilega.

Fyrsti flutningsmaður þessarar þingsályktunartillögu hefur lýst því yfir í þingsal að hann vilji lögleiða öll fiknefni (líka framleiðslu og sölu). Virðist hann ætla að ná þessu markmiði sínu í þrepum. Með því að leyfa CBD hamp-olíu, kannabis-olíu eða hass-olíu þá er ýtt undir að það sé allt í lagi að neyta kannabis-efna.

Eitt af því sem þeir vilja leyfa CBD hamra á er notagildi hamps (eða iðnaðarhamps) bæði sögulega (reipi) og í dag. Það á síðan einhvern veginn að réttlæta að menn neyti CBD. Það er rökvilla - T.d. asperín er upprunalega komið úr berki víðitrjáa en það væri furðulegt ef læknir segðist ætla gefa þér asperín við verkjum af því að það sé svo gott að búa til körfur úr víðigreinum. Notkun á CBD til manlegrar neyslu á að ákvarðast eingöngu af göllum þess og kostum. Iðnaðarhamp má framleiða án þess að nýta CBD. Það er aldeilis óvíst hvort borgi sig að rækta iðnaðarhamp á Íslandi og við þurfum ekki að framleiða öll okkar lyf á Íslandi. Alþingi á að fara varlega í að gera þjóðina að einni stórrí lyfjarannsókn. Vert er að hafa í huga að afurðir kannabisjurtarinnar **lækna ekki** sjúkdóma og geta valdið alvarlegum sjúkdómum eins og geðrofsjúkdómum. Það er líka rökleysa að tala um CBD hampolíu sem góða og holla af því hún sé „náttúruleg“! Baneitruðu frumefnin, blý, kvikasilfur og arsenik eru líka náttúruleg ásamt blásýru og nikótíni.

Í greinargerðinni stendur „Í ljósi þess að CBD er ekki vímuefni eru engin rök sem standa til þess að það skuli flokkað sem ávana- og fiknefni eða lyf.“, en rétt áður stendur „CBD en hið síðarnefnda hefur m.a. verið notað ... sem lyf.“ og „Bæði efnin hafa læknisfræðilegt notagildi“. Efni getur vel flokkast sem lyf þó að það sé ekki vímuefni. CBD er kannabínóíð sem virkar á endókannabínóíð-kerfið sem er hluti af taugkerfinu. Það er margt á

huldu með hvaða áhrif það hefur og margar rannsóknir á því í gangi. Kannski allt í lagi að bíða í 10 ár og sjá hvað setur? CBD og THC eru náskyld efnasambönd og þarf víst aðeins einföld efnahvörf til að breyta CBD í THC. Kannabis-plantan er með yfir 500 efnasambönd og þar af yfir 100 kannabínóða. Þeir eru flestir lítið rannsakaðir og lítið vitað um virkni þeirra. Í CBD-hassolíu er því óvísst magn og fjöldi kannabínóða sem gætu haft áhrif til góðs eða ills. Þeir gætu líka haft áhrif á hvernig CBD-efnið virkaði.

CBD olía getur innihaldið THC þó að í litlu mæli sé því erfitt er að mæla á milli. Það er ekki auðvelt að mæla magn THC í CBD olíu nema í þar til gerðum rannsóknarstofum. Utanumhald yrði flókið því útilokað er að mæla á vettvangi hvort um ólöglega vöru er að ræða.

Í Bandaríkjunum hefur verið leyft eitt lyf sem inniheldur eingöngu CBD. Lyfið er fyrir tvær mjög sjaldgæfar tegundir af flogaveiki. Helsta hliðarverkunin er hætta á lifrarskaða eða skemmdum. Hljómar ekki beint sem eitthvað sem ætti að vera í almennri sölu.^[5]

FDA í Bandaríkjunum varar við notkun CBD hjá óléttum konum, konum með börn á brjósti.^[6]

Við spurningunni hvort FDA hafi samþykkt einhverjar CBD vörur og hvor það sé einhverjir kostir? Hér má sjá svarið beint af heimasíðu FDA:

*FDA has **not approved** any CBD products except for one prescription drug to treat rare, severe forms of seizure disorders in children. It is still unclear whether CBD has any other benefits. Other than the one approved prescription drug, CBD products have not been evaluated or approved by FDA for use as drug products. This means that we do not know:*

- *if they are safe and effective to treat a particular disease*
- *what, if any, dosage may be considered safe*
- *how they could interact with other drugs or foods*
- *whether they have dangerous side effects or other safety concerns*

The clinical studies that supported the approval of the one available CBD drug product identified risks related to the use of CBD, including liver toxicity (damage), extreme sleepiness, and harmful interactions with other drugs.

Hér að neðan er myndrænt yfirlit frá Information is Beautiful (sjá mynd)^[7] um niðurstöður vísindarannsóknna á áhrif kannabis og einnig CBD eingöngu, á ýmsa sjúkdóma. (Smella á Filter – CBD fyrir ofan grafið til að sjá eingöngu CBD. Niðri í hægra horni grafsins er hnappur sem hleður niður csv skjali með bakgrunnsgögnunum fyrir grafið)

Fyrir hönd Bindindissamtakanna IOGT á Íslandi

Björn Sævar Einarsson Formaður

Aðalsteinn Gunnarsson Framkvæmdastjóri

[1] <https://www.althingi.is/altext/150/s/0321.html>

[2] <https://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2014/Stefna-i-afengis--og-vimuvornum-desember-2013.pdf>

[3] <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=a5aa63d9-d5b4-11e7-9422-005056bc530c>

[4] <http://www.who.int/mediacentre/news/releases/2018/world-leaders-ncds/en/>

[5] <https://www.fda.gov/news-events/press-announcements/fda-approves-first-drug-comprised-active-ingredient-derived-marijuana-treat-rare-severe-forms>

[6] <https://www.fda.gov/consumers/consumer-updates/what-you-should-know-about-using-cannabis-including-cbd-when-pregnant-or-breastfeeding>

[7] <https://buff.ly/2XqZ7E3>

Snake Oil Cannabis?


Scientific evidence for the medical benefits

Only human placebo-controlled trials and meta-studies counted. Not animal or cell studies

Last updated: 24 April 2019

Filter Show only CBD

Size: popular interest



send us feedback

Download the data

285. mál, þingsályktunartillaga 150. Löggjafarþing 2019-2020

Mál Varðar

CBD í almennri lausasölu

26. Nóvember 2019

Ég Birgir Freyr Sumarliðason vill hvetja til þess að CBD verði leyft í almennri lausasölu og að fyrirbyggjandi frumvarp verði samþykkt.

1. Það má færa óteljandi rök fyrir því afhverju CBD (cannabindiol) ætti að vera til inná hverju heimili, sem alhliða næring fyrir kannabis kerfið sem er í öllum spendýrum. Þar sem hampjurtin/ Kannabis hefur fylgt mannfólkinu frá örófi alda , í forni húsaskjól, fatnaðar, og sér í lagi næringu, þannig er það innbyggt í mannfólkið.
2. Hampur/Kannabis og kannbinóðar þ.m talin CBD, THC CBN, CBG og um yfir 70 þekktir kannbinóðar eru rannsakaðir sem næringarefni, þannig fellur það um sjálf sig ef það á að reyna að skilgreina það sem eitthvað annað. Þar sem kannabis kerfið í líkamanum tekur þá inn sem næringu. Það er glæpur gegn mannkyninu að halda svo mikilvægu næringarefni frá fólki.
3. Einnig má benda sérstaklega á að CBD hefur engin vímu gefandi áhrif. Rannsóknir hafa sýnt fram á, að fólk missi jafnvel löngun í áfengi eða aðra ósiði með inntöku á CBD. Þekki ég til ófárra sem hafa notið góðs af næringarefninu CBD (cannabidiol) þar á meðal ég.

Virðingarfyllt

Birgir Freyr Sumarliðason

Varðandi CBD olíuna

CBD olía getur hjálpað svo mörgum og gæti dregið úr verkjalyfjanotkun. Olíuna má nota við hinum ýmsu kvillum og af því að hún inniheldur ekki THC þá ætti hún ekki að valda sama skaða og fíkniefni, hún er sem sagt ekki ávanabindandi.

Bjarghildur

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 10. janúar 2020
1911027/0.4.1/khn

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar – CBD í almennri sölu

Sýnt hefur verið fram á gagnsemi cannabidiol (CBD) sem viðbót við önnur flogaveikilyf við ákveðnum sjaldgæfum tegundum af flogaveiki (Lennox-Gastaut syndrome og Dravet syndrome). CBD hefur verið markaðssett erlendis sem lyf við þessum sjúkdómum undir nafninu Epidiolex og er ekkert sem mælir gegn því að slíkt hið sama verði gert á Íslandi.

Helstu rök fyrir að afnema takmarkanir á CBD eru eftirfarandi:

CBD er ekki vímugjafi og eru því engin rök fyrir því að flokka það sem ávana- og fíkniefni eða fíknilyf. Alþjóðaheilbrigðismálastofnun (WHO) telur að CBD eigi ekki að vera á lista þeirra yfir fíknilyf.

Það er ákveðin eftirspurn eftir CBD; það þurfa því að vera góð rök sem réttlæta bann við CBD. Heilbrigðisástæður sem taka af öll tvímæli um að banna eigi notkun CBD virðast ekki vera fyrir hendi í dag. Þó er Matvæla- og lyfjastofnun Bandaríkjanna (FDA) með ákveðinn fyrirvara og bendir á að CBD gæti valdið lifrarskaða, haft áhrif á umbrot lyfja, aukið áhrif slævandi lyfja og áfengis og fleira.

Helstu rök fyrir því að breyta ekki lagalegri stöðu CBD eru eftirfarandi:

Það er engin aðkallandi þörf á að leyfa CBD, ekki hefur ennþá tekist að sýna fram á neina gagnsemi CBD með góðum rannsóknum við sjaldgæfum tegundum af flogaveiki eins og að ofan greinir.

Ennþá vantar góðar rannsóknir sem sýna fram á skaðleysi CBD, t.d. hjá þunguðum konum, ungum börnum þar sem heilinn er að mótast o. s. frv.

Af orðalagi þingsályktunartillögunnar (að gera sölu á vörum sem innihalda CBD (cannabidiol) heimila í almennri sölu) mætti skilja að fyrirhugað væri að gefa sölu á CBD og vörum sem innihalda CBD algerlega frjálsa án takmarkanna eða eftirlits. Það hefur óvíða verið gert í heiminum. Í flestum löndum eru einhvers konar takmarkanir á sölu á CBD. Algengast er að aðeins megi selja CBD sem lyf. Í öðrum löndum þarf sérstakt leyfi til þess að selja CBD. Þá þarf að gæta þess að ekki sé of mikil mengun af THC í CBD, en THC hefur stundum fundist í t.d. CBD veipvökva (THC er hið virka efni í cannabis). Einnig þarf að fylgjast með að magn CBD í viðkomandi vöru sé rétt upp gefið en mörg dæmi eru um misbrest á því. Í Bretlandi er CBD skilgreint sem *novel food* sem þýðir að það þarf að sýna fram á skaðleysi CBD áður en það er markaðssett og að fylgjast með að neytendum séu ekki gefnar villandi upplýsingar um CBD. FDA í BNA hefur ítrekað þurft að áminna söluaðila sem veita villandi upplýsingar um gagnsemi CBD.

CBD hefur m.a. verið rannsakað m.t.t. kvíða og áfallastreituröskunar en ekki hefur tekist að sýna fram á gagnsemi CBD við því. Það hafa komið fram upplýsingar um að tiltölulega auðvelt sé að framleiða THC úr CBD.

Ágætt yfirlit yfir lagalega stöðu CBD í ýmsum löndum og lagaleg afstöðu Sameinuðu þjóðanna og Evrópusambandsins má finna undir *leagal status* á: https://en.wikipedia.org/wiki/Cannabidiol#cite_note-fda11-26-19-78 Má nefna að Evrópusambandið flokkar CBD sem *novel food*, sem þýðir að það þarf að rannsaka öryggi þess áður en það fær markaðsleyfi.

CBD gefur ekki vímu. Ekkert mælir gegn því að leyfa CBD sem lyf við Lennox-Gastaut flogaveiki og Dravet syndrome flogaveiki en mikilvægt er að vera á varðbergi gagnvart hugsanlegum aukaverkunum þar sem vandaðar rannsóknir á skaðleysi skortir þótt lyfið hafi vissuleg verið töluvert notað.

Ekki hefur verið sýnt fram á gagnsemi CBD við öðru heldur en fyrrnefndum tegundum af flogaveiki. CBD virðist vera fremur óvirkt efni hjá flestum einstaklingum og spurningin hvort eigi að leyfa það ellegar ei virðist ekki eingöngu taka tillit til læknisfræðilegra sjónarmiða heldur líka af því hvað mönnum finnst um cannabis efni yfirlétt. Ef íhugað verður að leyfa CBD þá þarf að skilgreina hvenær skaðleysi þess þykir nóg samlega sannað, við hvaða aðstæður á að leyfa það, með hvaða takmörkunum og hvernig eftirliti verði háttáð m.a. varðandi hreinleika CBD. Einnig þarf að vera hægt að bregðast við ef nýjar upplýsingar um CBD koma fram.

Virðingarfyllt,

Andrés Magnússon,
yfirlæknir á sviði eftirlits og gæða

Varðar CBD sem er unnið úr hampi.

Hef séð sjúka svo illa haldna að verkjalyfjum að engin alvöru meðvitund var.
Með þessu CBD efni hefði mátt draga úr verkjalyfjum um 2/3 og
viðkomandi hefði möguleika á að vera með sínu fólki í fullri meðvitund síðustu stundir sínar.
Varðandi parkinson veikina er þetta ótrúlegt efni til að stoppa skjálftan þó engin lækning sé!
Auðvitað á að vera hægt að kaupa þetta hér eins og í öðrum löndum.
Til að halda því til haga er ég bara að tala um CBD afurðina.

Kveðja.
Guðmundur Gíslason
Helluvaði 15
110 RVK

UMSÖGN

Tillaga til þingsályktunar

um CBD í almennri sölu.

MÁL NR. 285. Þingsályktunartillaga 150. Lögjafarþing 2019-2020

Það er mikilvægt að CBD komist í almenna sölu sem fæðubótaefni á Íslandi. CBD getur hjálpað fólki sem þjáist á hverjum degi af líkamlegum verkjum, vanlíðan eða andlegum kvillum og þarf annars að nota verkjalyf, ópíóðalyf, geðlyf eða önnur lyf sem hafa mörg hver slæmar aukaverkefnir, eru jafnvel hættuleg, oft ávanabindandi og erfitt að hætta á þeim.

Það er mikilvægt að fólk skilji að CBD skaðar engan og er hvorki vímugjafi né ávanabindandi því mjög góður kostur til þess að draga úr þjáningum fólks sem þjáist til dæmis vegna bólgusjúkdóma.

Nefnt hefur verið að áhættan við að leyfa CBD sem fæðubótarefni felist í því að þá verði fluttar inn vörur sem uppfylla ekki lágmarks gæðastaðla. Auðvelt væri að koma í veg fyrir það með því að krefjast þess að Matvælastofnun veiti leyfið og samþykki þá eingöngu þau fæðubótarefni sem koma frá traustum fyrirtækjum með t.d. GMP gæðavottun. Má þar nefna Charlotte's Web, Cibdol, HempMeds, Bluebird Botanicals, Lazarus og fleiri fyrirtæki þar sem gæðaeftirlit er til fyrirmyndar.

Afar hæpið er að skilgreina hreinar CBD olíur sem lyf, enda unnar beint úr iðnaðarhampsplöntunni og blandað út í matarolíur til að auðvelda inntöku. Þær eru því hvorki tilbúnar né blandað manngerðum efnum. Bent hefur verið á að í rannsóknum sé CBD skilgreint og rannsakað sem næringarefni enda hafi líkaminn sérstaka móttakara fyrir CBD. Líkaminn lítur því ekki á CBD sem aðskotaefni.

Í Þýskalandi er hefð fyrir því að fólk noti fyrst fæðubótaefni eða jurtalyf áður en hefðbundin kemísk lyf eru notuð.

Árið 2010 notuðu 70% þjóðverja jurtalyf samanborið við 52% árið 1970. Á Íslandi er þessu öfugt farið og við notum nánast eingöngu hefðbundin kemísk lyf sem eru meiri inngríp, hafa meiri aukaverkanir og einnig dýrari og kostnaður þjóðfélagsins því meiri en hann þarf að vera.

<https://www.hindawi.com/journals/ecam/2012/294638/>

World Health Organisation sendi frá sér skýrslu um CBD þar sem áhersla er lögð á að CBD sé ekki skaðlegt, ekki ávanabindandi og ekki vímugjafi og því fullkomlega skaðlaust að leyfa það sem fæðubótaefni og engin hætta á misnotkun

1. *At present, there are no case reports of abuse or dependence relating to the use of pure CBD.*

2. *At present no public health problems (e.g. driving under the influence of drugs cases, comorbidities) have been associated with the use of pure CBD.*
3. *Cannabidiol is not listed in the schedules of the 1961, 1971 or 1988 United Nations International Drug Control Conventions.*

<https://www.who.int/medicines/access/controlled-substances/CannabidiolCriticalReview.pdf>

CBD er ekki á alþjóðlegum listum yfir ávanabindandi eða bönnuð efni

Einu lögin sem hafa hindrað innflutning á CBD fæðubótaefnum eru sérlög um ávana- og fíkniefni þar Kannabis er talið upp sem eitt af þeim ávana- og fíkniefnum sem sé bannað. Þessi lög voru væntanlega samin með það í huga að kannabis sem vímugjafi væri ólöglegt, en ekki kannabis sem fæða eða hráefni í nýttjahluti.

Nýlega gaf Lyfjastofnun út það álit að hún líti svo á að kannabisplantan í heild sinni sé bönnuð á Íslandi, óháð magni THC í henni (þ.m.t. iðnaðarhampur) og hefur því undanfarna mánuð bannað innflutningi á iðnaðarhampsfræjum sem sáðvöru. Til að gæta jafnræðis þyrfti því einnig að stöðva innflutning á matvælum úr iðnaðarhampsfræjum (hampfræ, hampfræolía, hamppróteinduft o.s.frv.) sem eru seld í matvöruverslunum, fuglafræjum sem innihald iðnaðarhampsfræ, klæðnað og annan textíl úr iðnaðarhampi, bíla og flugvélar sem innihalda innra byrði úr iðnaðarhampi, strigapoka, reipi, segl og aðra nytjahluti úr iðnaðarhampi o.s.frv. Má einnig sérstaklega nefna bjór, en humlar eru af kannabisætt. Hann ætti því skilyrðislaust að banna.

Að auki hefur Umhverfisstofnun leyft innflutning á húðvörum sem innihalda CBD. Efni í húðvörum sem frásogast hindrunarlaust í gegnum húð, eins og sannað hefur verið að CBD geri, hefur ef eitthvað er, meiri (bein) áhrif á líkamann en þau efni sem fara í gegnum meltingarveg eftir inntöku og þar með í gegnum lifrina. Því eru engin rök fyrir því að banna CBD til inntöku sem fæðubótarefni, en leyfa CBD húðvörur.

Niðurstaða Hampfélagsins er sú að það eru engin rök við getum komið auga á sem mæla gegn því að leyfa CBD í almennri sölu og því styðjum við þessa þingsályktun heilshugar.

Aðrir punktar:

- Þingsályktunartillagan er vel unnin og í samræmi við það sem Hampfélagið hefur bent á.
- Áriðandi er að CBD verði gert aðgengilegt sem fæðubótaefni enda í flestum tilfellum framleitt sem slíkt. Þannig er almenningi gert kleift að nálgast CBD sér til heilsubótar. Ef CBD verður flokkað sem lyf þá mun aðgengi almennings verða mjög takmarkað og háð mögulegum fordómum og vanþekkingu lækna á heilsubætandi áhrifum hampsins.
- CBD sem lyf hefur misst náttúrulega eiginleika sína og er því ekki sú afurð sem almenningur sækist eftir.

- CBD sem fæðubótaefni er einnig fjárhagslega hagkvæmt fyrir bæði neytendur og skattgreiðendur. Þekkt er að þegar fæðubótaefni hafa verið markaðssett sem lyf margfaldast verðið á þeim. Vegna mikillar ásóknar almennings í CBD gæti lyfjakostnaður ríkisins aukist verulega ef CBD yrði eingöngu leyft sem lyf ef læknar bregðast við þeirri eftirspurn með því að fara að ávísa því í miklum mæli – algerlega að nauðsynjalausu.
- Ef CBD verður eingöngu leyft sem lyf mun hinn gríðarstóri „grái markaður“ með CBD olíur halda áfram og auka líkur á viðskiptum með falsaðar vörur.
- CBD sem fæðubótaefni getur dregið umtalsvert úr lyfjakostnaði ríkisins og aukið lífsgæði almennings.
- Hampur (plöntuheiti kannabis) hefur fylgt mannkyninu eins langt aftur og vísindamenn komast. Hampur var m.a. algengt skepnufóður og í gegnum dýrafurðir (kjöt, egg, mjólk...) fékk fólk því CBD. Þegar hampur var bannaður um miðja síðustu öld, hvarf CBD úr fæðukeðjunni. Ýmsir hafa komið með þá tilgátu að það hafi haft skaðleg áhrif á heilsu almennings og það sé meðal annars ástæðan fyrir því að fólk finni svo mikinn mun á sér þegar það byrjar að taka CBD, svipað og þegar fólk sem þjáist af skorti á lífsnauðsynlegum fitusýrum, vítamínum og/eða steinefnum byrjar að taka slíkt inn. Því er nauðsynlegt að koma CBD aftur inn í fæðukeðju mannskepnunnar.

Fyrir hönd stjórnar Hampfélagsins
Kt. 6309190960

Sigurður Hólmar Jóhannesson
Formaður

Heðar Atlason heiti ég og vil ég hér með sýja við þá tillögu að CBD verði heimilt í lausasölu!

Frá barnsaldri hef ég glímt við hina ýmsu sjúkdóma sem hafa með árunum tekið frá mér getuna til að vinna og því að sinna sjálfum mér. um áramótin síðustu neiddist ég til að hætta að vinna sökum veikinda. fyrir 3 mánuðum síðan fann ég sala á cbd sem var ekki of dýr og endur hóf ég notkun á CBD. Líf mitt hefur tekið stakka skiptum eftir það ég hafði ekki farið í Ræktina í tæp 3 ár en núna fer ég 3-4x viku og er fær um að sjá um mig sjálfann að mestu eftir það. ég get satðið í lapirnar lengur enn í 5 mínútur án þess að þurfa að setjast niður, Farið í fjallgöngur og svoleiðis enn það er langt í land og þerf ég mun meira enn þessi örfáu milligröm sem ég nota daglega.

Ég er með margar greinigar og nota Cannabis við þeim öllum ef ég skipti Cannabis út fyrir Viðurkend lyf að þá þarf ég að taka um og yfir 20 lyf með rugl miklum aukaverkunum enn ég kís að nota Cannabis/CBD því það hefur nær engar neikvæðar afleiðingar fyrir mig og ég þarf bra eitt lyf í stað hart nær 20 með tilheirandi kostnaði fyrir mig og ríkið.

CBD er ekki vímuvaldandi fyrir utann það að ef magn CBD er meira enn heildar magn af THC þá er ekki séns á að fara í vímu svo ég skil ekki þessa áráttu eða fordóma fyrir Cannabis / CBD.

Enn fremur finst mér mikilvægt að taka fram að það þarf að skoða Aksturslöggjöfina samhliða þessu máli, Hversvegan er það, jú það er vegna þess að Lögregla Íslands leitar eftir THC í þvagi eða blóði ökumans og ef við skoðum allra vinsælustu og skilvirkustu vöru í Cannabis heiminum að þá er það svo kölluð Full Spectrum CBD og það þiðist á íslensku sem Heil plöntu meðal/lyf og inniheldur Öll virku efni plöntunnar þar með talið THC. Gefum okkur að CBD verði gert frjálst til sölu og meðferðar og þannig og hvernig staða verður kominn upp í þjóðfélaginu!.

3-6 mánuðum eftir að frumvarp væri samþikt gæti lögraglan á Íslandi tekið sig til og stoppað alla og mælt þá fyrir fíkniefnum og hvað mun þá blasa við okkur jú allt að 1/4 fólks í landinu yrði svipt Ökuleifi þ'vi það mun mælast THC í þeim sökum CBD oliu sem fólk er að bota við sjúkdómum eða öðrum veikindum og líka þeim sem nuta oliuna sem víta mín!.

Mín heitasta ósk er að Cannabis verði gert löglegt svo að sjúklingar geti ræktað sitt lyf sjálfir með litlum kostanði og fyrir höfn ef þeir hafa til þess heilsu.

einnig finst mér ég knúinn áfram um að benda á að við erum með jah svo kallað Endocannabinoid sytem eða Endokannabinod kerfi og þetta kerfi er stæðsta og mikilvægasta kerfi manslíkamans og það sér um allt frá Hungri til Kynlaungunar til þunglindis og svo má lengi telja. þetta kerfi ber heitið Endocannabinod system og dregur nafn sitt af Plöntunni. í dag eru vísinda menn farnir að tala um svo kallað endocannabinoid deficiency og vilja þeir meina að flest mein mansins í dag megji rekja til óreglu í þeim búskapi.

Gigtar, Sjálfsofnæmi, Crhon's, alzheimer's, inflammatory bowel disease /Íðra bólgur, Endometriosis/ legsímufلاك eru bar toppurinn af ísjakanum sem má meðhöndla og jafn vel halda niðri og í sumum tilfellum koma í veg fyrir að fólk fái ef við bar nýtum plöntuna og erum duglega við rensóknir á henni og ef við förum ekki að lögleiða hana hvað verður þá um sjúklinga landsins??.

Á Íslandi eru læknar ekki mentaðir í þessu Endocannabinode kerfi og víta lítið eða ekki neitt um það sem er hrein og bein skömm og kemur í veg fyrir að lænar geti sint sínum sjúklingum sem best!.

Ef læknir veit eki af þessu kerfi sem stjórnar til að mynda ÖLLUM bólguviðbrögðum líkamans hvernig ætla sá lænir að hjálpa gigtar eða sjálfsofnæir sjúklingi?. svarið er einfalt hann getur það ekki þ'vi hann veit ekki hvernig hann getur hjálpað þi hann kann það ekki sökum fordóma því að sumar plöntur Cannabis valda vímu!!.

Að lokum vil ég benda á að það eru urmullur af vísindagreinum og ransóknum til sem sína fram á gangsemi við Krabbameini, verkjum og nítist líka fíklum sem eiga erfitt með að halda sig frá fýkniefni sínu.

með áframhaldani ransóknum verður hægt að læra mun meira um Þessa einstöku plöntu og manlíkamnn einnig!. Þa' þarf bar að taka niður fordómaglæraugun og hafa smá vilja til að hjálpa fólkinu í landinu svona einu sinni.

Mig langar einnig að leggja hér inn fróðleik sem allir ættu að búa yfir hér fyri neðann.

The endocannabinoid system (ECS) is a biological system composed of endocannabinoids, which are endogenous lipid-based retrograde neurotransmitters that bind to cannabinoid receptors, and cannabinoid receptor proteins that are expressed throughout the vertebrate central nervous system (including the brain) and peripheral nervous system. The endocannabinoid system remains under preliminary research, but may be involved in regulating physiological and cognitive processes, including fertility,[1] pregnancy,[2] during pre- and postnatal development,[3] appetite, pain-sensation, mood, and memory, and in mediating the pharmacological effects of cannabis.[4][5]

Two primary endocannabinoid receptors have been identified: CB1, first cloned in 1990; and CB2, cloned in 1993. CB1 receptors are found predominantly in the brain and nervous system, as well as in peripheral organs and tissues, and are the main molecular target of the endocannabinoid ligand (binding molecule), anandamide, as well as its mimetic phytocannabinoid, THC. One other main endocannabinoid is 2-arachidonoylglycerol (2-AG) which is active at both cannabinoid receptors, along with its own mimetic phytocannabinoid, CBD. 2-AG and CBD are involved in the regulation of appetite, immune system functions and pain management.

anandamide og 2-arachidonoylglycerol er okkar náttúrulega THC og CBD og það að halda því fram að við eigum ekki eða ætum ekki að nota Cannabis/CBD er hrein og klár lígi bigð á fordómum og skilningsleisi á manlíkamanum og á ekkert skilt við vísindi staðreindir.

Mæli með því að leyft verði að rækta iðnaðarhamp á Íslandi bæði vegna þess hve umhverfisvæn plantan er og ótrúlegra notkunarmöguleika. Í stað plasts, það er til mikils að vinna hér. Svo má ekki gleyma hve vel olían CBD hefur reynst vel við hinum ýmsu heilsukvillum. WHO hefur gefið það út að þessi olía sé ekki ávanabindandi og skaðlaus.

Virðingarfyllst Ingunn Sveinsdóttir.

Að sjálfsgöðu á að leyfa ræktun iðnaðarhamps á Íslandi. Einkum vegna þeirra fjölbreyttu nýtingarmöguleika sem plantan býr yfir, hversu auðveld hún er í ræktun (fljótsprottin) og hversu umhverfisvæn hún er.

Rækt á Íslandi gefur án efa meiri möguleika á nýtingu, getur gefið smærri byggðarlögun, td brotættum byggðum möguleika á nýtingu og vöruþróum, líka fram yfir aðrar þjóðir. Hægt er að nýta hamp til húshitunnar, sem er rafhitaður víða.

Ég mæli hiklaust með því að CBD vörur þar með talin olía verði leyfð hér undir flokknum fæðubótarefni en ekki sem lyf. Reynslan hefur sannarlega sýnt að CBD-olía sérstaklega af Full Spectrum gerð hjálpar mörgum sem þjást af ólæknandi sjúkdómum m.a. flogaveiki, parkinsonssjúkdómnum, auk þess að hjálpa sjúklingum sem ganga í gegnum erfiðar krabbameinsmeðferðir.

Verum framsækin og stígum skrefið eins og svo margar þjóðir hafa gert og leyfum ræktun á plöntu sem hefur um aldir nýst mannfólki í mörgu tilliti.

Kveðja

Jóhann Bjarki Júlíusson

285. mál, þingsályktunartillaga 150. löggjafarþing 2019-2020.

26. nóvember 2019

Góða kvöldið Katrín Ólöf Georgsdóttir heiti ég. Mig langar að mæla með einstaklingsölu CBD. Að mínu mati á salan ekki að fara í gegnum ríkið eða stofnun. CBD er ekki ávanabindandi og hefur hjálpað gríðarlegum fjölda fólks sem á við verkjasjúkdóma að stríða sem og kvíða, svefnleysi o.fl.

Bestu kveðjur

285. mál, þingsályktunartillaga 150. löggjafarþing 2019-2020.

Fólk þjáist vegna banns CBD olíunnar. Á meðan CBD olía er ólögleg er Alþingi ábyrgt fyrir kvölum þessa fólks.

Fyrir utan efnið CBD er iðnaðarhampur afar dýrmæt planta fyrir fólkið, umhverfið, dýrin o.fl. og ekki má gleyma því að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur opinberlega staðreynt að CBD er ekki skaðlegt á einn eða neinn hátt.

Nú skuluð þið hjálpa þjóðinni og takið ábyrga ákvörðun. Leyfið CBD olíur í almennri sölu.

Kveðja

Kristín Dóra Sigurðardóttir

Ég er hlynnt því að CBD fari í almenna sölu, eins og í þeim löndum sem við berum okkur saman við.
Kveðja Kristín Sæbergsdóttir



Seltjarnarnesi, 26. nóvember 2019

Velferðarnefnd,
Nefndasviði Alþingis,
b.t. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur

Erindi: Umsögn Lyfjafræðingafélags Íslands (LFÍ) vegna tillögu til þingsályktunar um CBD í almennri sölu.

150. löggjafarþing 2019-2020.
Þingskjal 321 – 285. mál.

Lyfjafræðingafélag Íslands (LFÍ) vill veita eftirfarandi umsögn:

1. LFÍ leggur til að tillagan verði ekki samþykkt. Félagið fær ekki séð brýna nauðsyn beri til að samþykkja þingsályktunartillöguna, enda vandséð hvaða ávinningur yrði af setja CBD í almenna sölu, eins og tillagan leggur til. **Sjá meginrökstuðning í töluliði 5 hér fyrir neðan.**
2. Ljóst er að ef leggja á fram lagafrumvarp og setja reglugerðir, eins og tillagan leggur til, þá er óhjákvæmilegt að fram fari umfangsmikil vinna við að kanna reglur sem þau lönd, sem vitnað er til í greinargerð, hafa sett og einnig reynslu þeirra. Því er væntanlega óraunhæft að miða við haustþing 2020 til að leggja fram frumvarp, sem hefur til stuðnings reglugerðir og vinnureglur sem lúta að eftirliti, öryggi, ábyrgð, markaðssetningu og sölu.
3. Lyf sem inniheldur CBD er þegar á Sérlyfjaskrá hjá Lyfjastofnun, en krefst lyfjaávisunar. Íhuga mætti að slaka aðeins á kröfum, upp að einhverju marki, sem Lyfjastofnun getur sætt sig við. Þannig gætu vörur sem innihalda CBD frá náttúrunnar hendi verið löglegar, svo fremi sem það fylgi vottorð um að magn THC sé undir viðmiðunarmörkum ESB.
4. Í greinargerð er minnst á lausasölulyf sem innihalda CBD. Það er skýr afstaða LFÍ að, eins og íslensk og evrópsk löggjöf gera ráð fyrir, þá gilda ákvæði lyfjaframleiðslu um öll lyf sem falla undir skilgreiningu um að innihalda lyfjaefni. Lausasölulyf verða því að fá markaðsleyfi og vera skráð í viðkomandi landi, ef ætlunin er að selja þau. Ljóst er að slík sala myndi eingöngu fara fram í lyfjabúðum. Vera kann að lyf sem innihalda CBD verði leyfð í lausasölu, en þá í lyfjabúðum, ekki í almennum verslunum.

5. LFÍ vill einnig koma eftirfarandi á framfæri varðandi CBD og þingsályktunartillöguna:

Nauðsynlegt er að hafa eftirlit með vöru með virku innihaldsefni, eins og CBD olíu, þar sem ekki er hægt að vera viss um að upplýsingar á vörunni um innihald af THC og CBD séu réttar. Styrkurinn getur verið of hár sem eykur hættu á eitrun og/eða alvarlegum aukaverkunum. Einnig getur olían verið menguð af öðrum efnum. Þó að skammturinn sé réttur getur notkunin engu að síður haft í för með sér alvarlegar aukaverkanir. Af þeim sökum er nauðsynlegt að notkunin fari fram undir eftirliti læknis.

Greint hefur verið frá alvarlegum eitrunartilvikum frá Utah 2017¹ þar sem einstaklingar leituðu á bráðamóttökum vegna breytingar á andlegu ástandi, krampa, rugls, meðvitundarleysis og ofskynjanir eftir inntöku á olíu sem þeir töldu innihalda CBD en innihélt einnig 4-CCB. Því er nauðsynlegt að eftirlit sé með því að innihaldið sé rétt.

Á öllum Norðurlöndunum nema Danmörku (þar er 4 ára reynslutímabil þar sem CBD olía er skilgreind mitt á milli lyfseðilsskylds lyfs og fæðubótarefnis) er nauðsynlegt að hafa lyfseðil fyrir CBD. CBD olían getur valdið þreytu og syfju og nauðsynlegt er að þeir sem fá hana afgreidda fái upplýsingar um það.

Eitrunarmiðstöðin tekur milli 15-20 símtöl á ári vegna hugsanlegra eitrona að völdum ilmólfa (sérstaklega hjá börnum) og telur að með því að auka aðgengi af CBD olíu með því að gefa sölu hana frjálsa munu slíkum eitrunum fjölga svo og símtölum til miðstöðvarinnar.

Það er ekkert eftirlit með ólöglegum/óskráðum lyfjum og það eru mörg dæmi þess að ólögleg lyf séu útbúin við allskostar ófullnægjandi aðstæður og innihaldi allt annað en stendur á umbúðunum. Það getur verið hættulegt, ekki síst fyrir veika einstaklinga, að taka inn óþekkt efni sem gætu með ófyrirsjáanlegum hætti haft áhrif á sjúkdóm einstaklingsins og verkun annarra lyfja sem einstaklingurinn kann að nota. Einnig gætu einstaklingar veikst enn meira af ólöglegum lyfjum.

Þó að örfáar rannsóknir á börnum hafi sýnt væg, jákvæð áhrif á fjölda floga í Dravet heilkenni, hafa þær einnig sýnt mjög alvarlegar aukaverkanir í formi aukinnar syfju, niðurgangs og hækkuð gildi í lifrarprófum. Hækkuð gildi í lifrarprófum geta verið vísbending um eitrunaráhrif á lifrina en slík hækking kom fram hjá einu af hverjum fimm börnum sem tóku þátt í rannsókninni og fengu CBD olíuna. LFÍ ráðleggur því að CBD olía sé ekki notuð hjá börnum nema það sé gert á ábyrgð og undir eftirliti læknis².

¹ Devinsky O, Cross JH, Laux L, Marsh E, Miller I, Nabbout R, Scheffer IE, Thiele EA, Wright S; Cannabidiol in Dravet Syndrome Study Group.

Trial of Cannabidiol for Drug-Resistant Seizures in the Dravet Syndrome.
N Engl J Med 2017; 376: 2011-2020. ²

² Horth RZ, Crouch B, Horowitz BZ, Prebish A, Slawson M, McNair J, Elsholz C, Gilley S, Robertson J, Risk I, Hill M, Fletcher L, Hou W, Peterson D, Adams K, Vitek D, Nakashima A, Dunn A.

Notes from the Field: Acute Poisonings from a Synthetic Cannabinoid Sold as Cannabidiol - Utah, 2017-2018.
MMWR Morb Mortal Wkly Rep. 2018¹

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Lyfjafræðingafélags Íslands,



Inga Ljly Gunnarsdóttir
Formaður LFÍ

Góðan dag,

Lyfjastofnun vísar til neðangreindrar beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar CBD í almennri sölu, 285. mál 150. löggjafarþings, hér eftir nefnd þingsályktunartillagan. Með þingsályktunartillögunni fylgdi greinagerð, hér eftir nefnd greinagerðin.

Lyfjastofnun leggst gegn samþykkt þingsályktunartillögunnar í óbreyttri mynd og vill jafnframt leiðrétta eftirfarandi rangfærslur í greinagerðinni.

[...] Úr jurtinni er einnig hægt að vinna virku efnin THC og CBD en hið síðarnefnda hefur m.a. verið notað sem fæðubótarefni, í matvæli, snyrtivörur og sem lyf.

[...] Bæði efnin hafa læknisfræðilegt notagildi og má nota þau í ýmsum tilgangi, en vegna skilgreiningar á kannabisi og afleiðum þess sem ávana- og fikniefnis, eða ávana- og fiknilyfs þegar um er að ræða tilbúin lyf, eru vörur sem innihalda THC eða CBD lyfseðilsskyld, eftirritunarskyld og Z-merkt. Slík lyf verða því aðeins fengin gegn ávísun læknis með sérfræðimenntun.

Í ljósi þess að CBD er ekki vímuefni eru engin rök sem standa til þess að það skuli flokkað sem ávana- og fikniefni eða lyf. Núverandi lagaleg staða CBD er óskýr þar sem það er ekki sérstaklega tilgreint í lögum um ávana- og fikniefni, nr. [65/1974](#), né heldur í reglugerðum settum á grundvelli laganna. Hins vegar hefur CBD (cannabidiol) alla jafna verið skilgreint sem eitt af virkum eignum kannabisplöntunnar, sem flokkast sem ávana- og fikniefni samkvæmt áðurgreindum lögum. Því má telja líklegt að um CBD skuli gilda sömu reglur og um önnur efni sem unnin eru úr kannabisi, þ.e. að einungis sé heimilað að flytja það inn að fengnu markaðsleyfi Lyfjastofnunar, það sé lyfseðilsskyld, eftirritunarskyld og Z-merkt. Skýtur þetta skökku við þegar um er að ræða efni með óumdeilanlegt notagildi og er hvorki ávanabindandi né vímuefni.

[...] Mörg lönd hafa þegar heimilað sölu á vörum sem innihalda CBD sem annaðhvort lausasólulyf eða fæðubótarefni.

Lyfjastofnun vill fyrir það fyrsta benda á að lyf samkvæmt skilgreiningu lyfjalaga er óháð vímuefandi eiginleikum viðkomandi efnis eða efnasamsetningar, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

Þá vill Lyfjastofnun ítreka að lagaleg staða kannabídíóls (CBD) er skýr. CBD flokkast sem lyf út frá lyfjavirkni og fellur þar með undir lyfjalöggjöfina.

Lyfjastofnun hefur á síðastliðnu ári fengið til flokkunar tvær vörur sem innihalda CBD og ætlaðar voru til inntöku. Niðurstaða þessarar mála var skilgreina báðar vörurnar sem lyf í skilningi lyfjalaga. Lyfjastofnun vill benda á að til grundvallar flokkunar á vörum sem innihalda CBD og ætlaðar eru til inntöku liggur fyrir fjöldi gagna sem rökstyður virkni CBD sem lyfs en í því samhengi má jafnframt benda á að lyfið Epidiolex (10% CBD lausn) hefur fengið markaðsleyfi sem lyf í Bandaríkjunum. [Hér má finna upplýsingar um lyfið Epidiolex, b. á m. tilvísanir í rannsóknir og lyfjavirkni](#). Væntanleg er útgáfa íslensk markaðsleyfis fyrir lyfið undir heitinu [Epidvalex](#). Lyfjastofnun bendir jafnframt í þessu samhengi á að lyfið [Sativex](#) (sem inniheldur virku efnin THC og CBD) er fánlegt hér á landi.

Ástæður á bakvið ávísunarskyldu lyfja, eftirritunarskyldu eða svonefndar Z-merkingar eru margvíslegar og þar sem að þessir þættir eru nefndir sérstaklega í greinagerðinni vill Lyfjastofnun koma því á

framfæri að allir þessir þættir eiga það sameiginlegt að þeir eru settir til að auka öryggi sjúklinga eftir ítarlegt og hlutlægt mat hverju sinni.

Lyfjastofnun vill að lokum benda á að þann 18. desember 2009 voru samþykkt sem lög frumvarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða. Við samþykkt frumvarpsins voru gerðar veigamiklar breytingar á lögum er varða innflutning og framleiðslu matvæla, þ.m.t á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum. Breytingar á lögum um matvæli fólu m.a. í sér að gildissvið laganna var skilgreint upp á nýtt. Í 1. mgr. 11. gr. laga um matvæli, segir m.a.:

Óheimilt er að flytja til landsins eða markaðssetja matvæli, þ.m.t. fæðubótarefni, sem innihalda lyf samkvæmt skilgreiningu lyfjalaga. Leiki vafi á því hvort einstök efnasambönd teljist lyf sker Lyfjastofnun úr.

Lyfjastofnun fær því sekki séð á hvaða lagagrundvelli þau lönd - sem eru reyndar ótilgreind í greinagerðinni - hafa heimilað sölu á CBD sem fæðubótarefni. Lyfjastofnun er ekki kunnugt um neitt land sem heimilar CBD sem lausasölulyf.

Að öllu framansögðu leggst Lyfjastofnun gegn samþykkt þingsályktunartillögunar í óbreyttri mynd.

Lyfjastofnun lýsir sig fyllilega reiðubúna til að senda á fund velferðarnefndar fulltrúa sína til að skýra afstöðu sína frekar eða svara spurningum nefndarmanna sé þess óskað

F.h. Lyfjastofnunar,

Sindri Kristjánsson

Lögfræðingur / Legal Advisor

Skrifstofa forstjóra

Lyfjastofnun / Icelandic Medicines Agency

Vínlandsleið 14, IS-113 Reykjavík

Ísland / Iceland

Umsögn um þingsályktunartillöguna "CBD í almennri sölu "

Að sjálfsgöðu á að leyfa ræktun iðnaðarhamps á Íslandi. Einkum vegna þeirra fjölbreyttu nýtingarmöguleika sem plantan býr yfir, hversu auðveld hún er í ræktun (fljótsprottin) og hversu umhverfisvæn hún er.

Ég mæli hiklaust með því að CBD vörur þar með talin olía verði leyfð hér undir flokknum fæðubótarefni en ekki sem lyf.

Reynslan hefur sannarlega sýnt að CBD-olía hjálpar mörgum sem þjást af ólæknandi sjúkdómum m.a. flogaveiki, parkinsonssjúkdómnum, auk þess að hjálpa sjúklingum sem ganga í gegnum erfiðar krabbameinsmeðferðir.

Verum framsækin og stígum skrefið eins og svo margar þjóðir hafa gert og leyfum ræktun á plöntu sem hefur um aldir nýst mannfólki í mörgu tilliti.

Margrét Pétursdóttir



Reykjavík 26. nóvember 2019

Efni: Umsögn Núll Prósent hreyfingarinnar um „Þingsályktunartillögu um CBD í almennri sölu. 150. löggjafarþing 2019–2020. Þingskjal 321 — 285. mál.“^[1]

Núll Prósent Hreyfingin leggst eindregið gegn þessu frumvarpi.

Núll Prósent Hreyfingin vinna mikið með almenningi í grasrótastarfi, þar kemur fram mikil andúð samfélagsins á frumvarpinu. Við fögnum því þegar kallað er eftir sérþekkingu frjálsra félagasamtaka sem eru virk í forvörnum þegar fjallað er um breytingar á lögum sem heyra til forvarna í landinu. Frumvarp þetta er í algerri mótsögn við heilbrigðisstefnu þessarar sem og fyrri ríkisstjórna.^{[2][3]} Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) bendir á að notkun vímuefna er þáttur í ósmitnæmum sjúkdómum og hvetur allar þjóðir til að draga úr neyslu.^[4]

Núll Prósent Hreyfingin telur að allar tillögur um tilslökun á lögum gegn áfengi og öðrum vímuefnum vinni gegn heilbrigðisstefnu, Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Öll umræða um tilslakanir er óábyrg og veldur óvissu um hvort vímuefni séu minna hættuleg nú en áður. Það er á ábyrgð Alþingis að standi vörð um þá löggjöf sem snýr að áfengi og öðrum vímuefnum ásamt því að setja margfalt meira fé í meðferð og forvarnir. Betra er heilt en vel gróið. Núll Prósent Hreyfingin telur allt of mikla áhættu tekna við tilslakanir á löggjöfinni og vill að fylgst sé betur með öðrum þjóðum til lengri tíma til að sjá þeirra reynslu því það eru ekkert rosalega umfangsmiklar rannsóknir sem hafa verið gerðar. Rannsóknir á langtímaáhrifum þess THC sem finnst í CBD olíunni hafa ekki verið rannsakadar sérstaklega svo okkur sé kunnugt. Við höfum í raun ekki nægar upplýsingar í dag um CBD í læknisfræðilegum tilgangi til að taka áhættulausa ákvörðun. Rannsóknir á aukaverkunum hjá einstaklingum sem nota CBD olíu hafa ekki verið rannsakadar nægilega.

Í greinagerð er talað um eftirspurn. Það eru örfáir sem kalla eftir þessum tilslökunum á mjög fátækum rökum. Margir einstaklingar hafa gert á sér tilraunir með slík efni en lækna mæla með miklu sértækari lyfjum, sem hönnuð hafa verið sérstaklega gegn ákveðnum kvillum. Vert er að hafa í huga að afurðir kannabísjurtarinnar **lækna ekki** sjúkdóma og geta valdið alvarlegum sjúkdómum eins og geðrofsjúkdómum.^[5]

CBD olía getur innihaldið THC þó að í litlu mæli sé, því erfitt er að mæla á milli. Það er ekki auðvelt að mæla magn THC í CBD olíu nema í þar til gerðum rannsóknarstofum. Utanumhald yrði flókið því útilokað er að mæla á vettvangi hvort um ólöglega vöru er að ræða.

Mjög ólíklegt er að ræktun hamps henti hér á Íslandi og margt annað hentugra við okkar erfiðu gróðurfarlægu aðstæður. Núll Prósent Hreyfingin vill sjá gróðurlendi notað til að rækta matvæli eins og stefnt er að í Heimsmarkmiðunum.

Það er ekki þörf á að gera tilraunir á okkar samfélagi, betra er að fylgjast með þróun þeirra þjóða sem hafa breytt sinni löggjöf til lengri tíma.

Fyrir hönd Núll Prósent Hreyfingin

Ástrós Ósk Karlsdóttir Formaður

Aðalsteinn Gunnarsson Framkvæmdastjóri

[1] <https://www.althingi.is/altext/150/s/0321.html>

[2] <https://www.velferðarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2014/Stefna-i-afengis--og-vimuvornum-desember-2013.pdf>

[3] <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=a5aa63d9-d5b4-11e7-9422-005056bc530c>

[4] <http://www.who.int/mediacentre/news/releases/2018/world-leaders-ncds/en/>

[5] (Hahn, 2018; Klumpers og Thacker, 2019; Murray o.fl., 2017)

Rósa Guðný Þórsdóttir

Reykjavík, 25. nóvember 2019

Umsögn vegna:
CBD í almennri sölu
285. mál, þingályktunartillaga

Að sjálfsögðu á að leyfa ræktun iðnaðarhamps á Íslandi. Einkum vegna þeirra fjölbreyttu nýtingarmöguleika sem plantan býr yfir, hversu auðveld hún er í ræktun (fljótsprottin) og hversu umhverfisvæn hún er.

Ég mæli hiklaust með því að CBD vörur þar með talin olía verði leyfð hér undir flokknum fæðubótarefni en ekki sem lyf. Reynslan hefur sannarlega sýnt að CBD-olía hjálpar mörgum sem þjást af ólæknandi sjúkdómum m.a. flogaveiki, parkinsonssjúkdómi, auk þess að hjálpa sjúklingum sem ganga í gegnum erfiðar krabbameinsmeðferðir.

Verum framsækin og stígum skrefið eins og svo margar þjóðir hafa gert og leyfum ræktun á plöntu sem hefur um aldir nýst mannfólki í mörgu tilliti.

Rósa Guðný Þórsdóttir

Reykjavík 25.11. 2019
CBD í almennri sölu
285. mál, þingsályktunartillaga

Greindist með eitlakrabbamein á 3.stigi 2015 og var orðin mjög veik. Grenntist mjög hratt á þessum tíma og var orðin 35kg þegar ég byrjaði að nota cbd. Ég fór úr 35kg í 43kg á stuttum tíma og treysti mer þá í lyfjameðferð. Hætti að nota cbd þar sem það var verið að dæla í mig mikið af lyfjum en byrjaði að taka það aftur þar sem það sló á verki og ógleði. Það er nauðsynlegt að fólk hafi val um að nota cbd án þess að þurfa að gera það ólöglega.

Selma Karlsdóttir
framleiðandi

CBD í almennri sölu

Umsögn:

Það er mikilvægt að CBD komist í almenna sölu sem fæðubótaefni á Íslandi. CBD getur hjálpað fólki sem þjáist á hverjum degi af líkamlegum verkjum eða af andlegum kvillum og þarf annars að nota ópíóðalyf eða geðlyf sem eru hættuleg og oft ávanabindandi lyf.

Það er mikilvægt að fólk skilji að CBD er ekki vímugjafi, ekki skaðlegt og er ekki ávanabindandi og því mjög góður kostur til þess að minnka þjáningar fólks sem td. er að berjast við bólgusjúkdóma.

CBD er ekki lyf enda unnið beint úr iðnaðarhampi án þess að vera blandað manngerðum efnum.

World Health Organisation sendi frá sér skýrslu um CBD þar sem áhersla er lögð á að CBD sé ekki skaðlegt, ekki ávanabindandi og ekki vímugjafi og því fullkomlega skaðlaust að leyfa það sem fæðubótaefni og engin hættu á misnotkun

1. *At present, there are no case reports of abuse or dependence relating to the use of pure CBD.*
2. *At present no public health problems (e.g. driving under the influence of drugs cases, comorbidities) have been associated with the use of pure CBD.*
3. *Cannabidiol is not listed in the schedules of the 1961, 1971 or 1988 United Nations International Drug Control Conventions.*

<https://www.who.int/medicines/access/controlled-substances/CannabidiolCriticalReview.pdf>

CBD er ekki á alþjóðlegum listum yfir ávanabindandi eða bönnuð efni

Einu lögin sem stöðva það að CBD sé gert leyfilegt til almennar sölu eru lögin um ávana og fíkniefni sem taka almennt á því að Kannabis sé bannað. Þessi lög voru gerð með það í huga að kannabis sem vímugjafi væri ólöglegt, þarna var ekki verið að banna td. sölu á hampfræjum, hamfræolíu eða annari matvöru sem gerð er úr hampfræjum sem talin er ofurfæða enda engin hættu á misnotkun þegar kemur að hampfræjum sem innihalda einungis snefil af kannabinóðum.

Þessi lög voru ekki heldur gerð með það í huga að banna humla, Humulus lupulus, sem eru af kannabisætt og eru notaðir í bjór meðal annars en annars þyrfti að banna sölu á bjór.

Í þýskalandi er hefð fyrir því að fólk noti fyrst fæðubótaefni eða jurtafyllt áður en hefðbundin lyf eru notuð.

Árið 2010 notuðu 70% þjóðverja jurtafyllt samanborið við 52% árið 1970. Á Íslandi er þessu öfugt farið og við notum nánast eingöngu hefðbundin lyf sem eru

meiri inngríp og einnig dýrari og því einnig líka dýrari kostur fyrir þjóðfélagið í heild.

<https://www.hindawi.com/journals/ecam/2012/294638/>

Það eru engin rök sem mér dettur í hug sem mæla gegn því að leyfa CBD í almennri sölu og því styð ég þessa þingsályktun heilshugar.

Sigurður Hólmar Jóhannesson



SNARRÓTIN

SAMTÖK UM SKAÐAMINNUN & MANNRÉTTINDI

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík

Reykjavík: 26.11.2019

Umsögn um þingsályktunartillögu um CBD í almennri sölu Þingskjal 321 — 285. mál á 150. löggjafarþingi 2019–2020

Kannabisplantan hefur fylgt mannum í þúsundir ára og verið notuð í lækningaskyni við ýmsum kvillum. Fyrstu minjar um notkun plöntunnar í Evrópu hafa fundist í norskum kumlum frá járnöld. Við bannstefnu Bandaríkjastjórnar, sem breyddist út um heiminn, dró úr notkun plöntunnar sem lækningajurt þrátt fyrir að notkun hennar sem vímugjafa hafi farið vaxandi.

Kannabisplantan inniheldur bæði Delta-9-tetrahydrocannabinol (THC) sem er vímugefandi efni og Cannabidiol (CBD) sem veldur ekki vímu. CBD hefur töluvert verið rannsakað og benda rannsóknir til þess að það sé hægt að nýta það á fjölbreyttan hátt til lækninga.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) setti saman nefnd sérfræðinga sem fóru yfir gagnsemi CBD í lækningaskyni. Skýrslan er sérlega vel unnin og málefnið nálgast frá öllum endum. Farið er yfir efnafræði, lyfjafræði, eiturefnafræði, neikvæðar aukaverkanir, líkur á ávanabindingu og líkur á misnotkun ásamt því að fara yfir notkun efnisins í lækningaskyni, bæði sögu þess og faraldsfræði. Fleiri viðfangsefni eru tekin fyrir í skýrslunni, svo sem ólöglega framleiðsla, bann á alþjóðavettvangi og áhrif þess og löggjöf víðsvegar um heiminn.


Niðurstaða skýrslunnar var sú að CBD hefði engin vímuáhrif og hefði enga þá eiginleika sem gæfu til kynna möguleika á ávanabindingu eða misnotkun. Ennfremur var niðurstaðan sú að CBD hefði sannað sig sem árangursríkt lyf gegn flogaveiki og að rannsóknir bentu til þess að CBD væri gagnlegt lyf við margs konar heilsufarskvillum. Þar kemur ennfremur fram að CBD hefur almennt ekki neikvæðar aukaverkanir og að efnið sé talið öruggt manneskjum. Að lokum er tekið fram að engin gögn liggja fyrir um misnotkun efnisins né lýðheilsufræðileg vandamál af völdum þess.²

Í nóvember árið 2018 samþykkti breska þingið að sérfræðilæknar mættu ávísa kannabis í lækningaskyni³ eftir að breska Landlæknisembættið birti skýrslu um gagnsemi kannabiss í lækningaskyni. Niðurstaða embættisins var að mæla með því að kannabis yrði fært úr flokki I yfir í flokk II, þar sem skýr gögn lægju fyrir um gagnsemi plöntunnar til lækninga.^{4,5}

National Institute of Clinical Excellence (NICE), sem er sú stofnun sem íslenska Landlæknisembætti miðar sínar klínísku leiðbeiningar við, hefur nú þegar mælt með notkun efnisins við ógleði og uppköstum, langvinnnum verkjum, óviðráðanlegum hreyfingum (spasticity) og flogaveiki.⁷

Lög Evrópusambandsins eru á þá leið að kannabis afurðir séu leyfilegar fari magn THC ekki yfir 0,2% og ef horft er á önnur lönd má sjá að mörg þeirra hafa leyft CBD, annað hvort til

fullnustu eða í lækningaskyni. Þar á meðal eru mörg lönd sem við viljum bera okkur saman við, svo sem Noregur, Þýskaland, Danmörk og Finnland (sjá mynd 1).⁶



Mynd 1. Lögleiðing CBD víðsvegar um heiminn

Það sem liggur til grundvallar lagasetningu ætti að vera hvort þjóðinni gagnist efnið, ásamt því að skoða hver væntanlegur skaði af efninu yrði. Niðurstöður þeirra stofnanna og landa sem við berum okkur saman við eru skýrar og því fagnar Snarrótin frumvarpinu og vonar að það nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Snarrótarinnar - samtaka um skaðaminnkun og mannréttindi

Lilja S. Þorsteinsdóttir, sálfræðingur og formaður
Halldór Auðar Svansson, varaformaður
Gígja Skúladóttir, hjúkrunarfræðingur
Sigrún Jóhannsdóttir, héraðsdómslögmaður

Heimildir

1. <https://www.ancient-origins.net/history/norwegian-vikings-cultivated-cannabis-009347>
2. <https://www.who.int/medicines/access/controlled-substances/CannabidiolCriticalReview.pdf>
3. <https://www.legislation.gov.uk/ukpga/1971/38/contents>
4. <https://www.england.nhs.uk/wp-content/uploads/2018/10/letter-guidance-on-cannabis-based-products-for-medicinal-use..pdf>
5. <https://www.gov.uk/government/news/medicinal-cannabis-review-part-2-commissioned>
6. <https://www.gov.uk/government/publications/cannabis-scheduling-review-part-1>
7. <https://www.nice.org.uk/guidance/ng144>
8. <https://hempika.com/is-cbd-oil-legal-in-my-country/>

Sonja Margrét Magnúsdóttir
Öldugata 50
101 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2019

Umsögn vegna:
CBD í almennri sölu
285. mál, þingályktunartillaga

Mín skoðun er sú að það á að leyfa ræktun iðnaðarhamps. Vegna þeirra miklu nýtingarmöguleika sem plantan býr yfir og allra tækifæranna sem myndu skapast fyrir landbúnaðinn hér á Íslandi.

Sjálfr hef ég notað cbd við verkjum vegna brjós-kloss og gat ég hætt að nota mikið af verkjalyfjum sem ég farinn að nota til að komast í gegnum daginn.

Einnig þjáist ég af exemi, en síðan ég byrjaði að nota cbd olíu daglega sem fæðubótarefni hefur exemið verið mun viðráðanlegra. Ég ber líka olíuna á húðina sem virkar alveg ótrúlega vel þegar ég er með mikla ertingu.

Ég hef ekki upplifað neinar aukaverkanir eða neitt sem mælir á móti að nota þessa olíu daglega hvort sem er til inntöku eða útvortis á líkamann.

CBD er eitthvað sem getur bætt lífsgæði fólks án þess að skaða nokkrun og það er engin ástæða fyrir að leyfa ekki fólkinu í landinu að njóta góðs af afurðum iðnaðarhamps.

Sonja Margrét Magnúsdóttir

Góðan daginn

Þetta varðar eftirfarandi mál:

285. mál, þingsályktunartillaga 150. löggjafarþing 2019-2020.

Ég heiti Sóley Kristjánsdóttir og greindist með krabbamein fyrir tveimur árum.

Ég vil gjarnan að almenningur hafi val um að kaupa CBD á Íslandi. Efnið er unnið úr kannabísplöntunni og er ekki vímugjafi, það er annað efni í plöntunni sem veldur hugbreytandi áhrifum. Þessi planta er mikil lækningarjurt og framleiðir CBD sem líkami mannsins er mjög móttækilegur fyrir en CBD hjálpar til með samskipti milli tauga og frumna. Byggir upp líkamann, dregur úr verkjum, hjálpar með matarlyst og svefn, vinnur gegn bólgum og skaðlegum æxlum.

CBD er verið að leyfa víða um heim og langflestir bera því vel söguna og reynslusögur sem maður hefur heyrt eru ótrúlegar. Flogaveikt fólk hættir að fá flog, fólk getur minnkað verkjalyf og önnur lyf og svo mætti lengi telja.

Með von um að almenningur hafi val um hvort það nýti sér CBD eða ekki og að þetta verði leyft á Íslandi.

Kveðja,

Sóley

Vörumerkjastjóri og plötusnúður

Góðan dag, ég er fylgjandi sölu CBD og tel ég það geta gagnast ýmsum líkamlegum sem andlegum kvillum. Bestu kveðjur, Tara

--

Tara S

Að sjálfsgöðu á að leyfa ræktun iðnaðarhamps á Íslandi. Einkum vegna þeirra fjölbreyttu nýtingarmöguleika sem plantan býr yfir, hversu auðveld hún er í ræktun (fljótsprottin) og hversu umhverfisvæn hún er.

Ég mæli hiklaust með því að CBD vörur þar með talin olía verði leyfð hér undir flokknum fæðubótarefni en ekki sem lyf. Reynslan hefur sannarlega sýnt að CBD-olía hjálpar mörgum sem þjást af ólæknandi sjúkdómum m.a. flogaveiki, parkinsonssjúkdómnum, auk þess að hjálpa sjúklingum sem ganga í gegnum erfiðar krabbameinsmeðferðir.

Verum framsækin og stígum skrefið eins og svo margar þjóðir hafa gert og leyfum ræktun á plöntu sem hefur um aldir nýst mannfólki í mörgu tilliti.

Vilhjálmur sanne guðmundsson

Dingskjal 321 — 285. mál.

Ég er samþykur því að cbd sé leyft í almennri sölu.

Þorbjörn Emil Kjærbo

Umsögn um 285 mál, þingsályktunartillögu
150 löggjafarþing 2019-2020

Ég vil hvetja til þess að Alþingi samþykki fyrirbyggjandi frumvarp. Ástæður þess eru eftirfarandi.

1. Fyrir alþjóðlegt bann áræktun og notkun hamps *Cannabis sativa L.* var hampur mikið ræktuð nytjaplanta og þeir hlutar hennar sem ekki voru notaðir í matvæli og annars konar vöru, gefnir dýrum sem fóður. Kýr þar á meðal og svín, hænsni og sauðfé. Mjólk kúnna og kjöt innihélt þar af leiðandi CBD í einhverju magni. Notkun plöntunnar í þessum tilgangi nær yfir fleiri aldir.
2. Við bann hverfur CBD úr fæðukeðjunni en CBD hefur sýnt sig að gagnast vel við ýmsum sjúkdómseinkennum og er ekki vímuefni. Það má alveg velta því fyrir sér sökum fjölda sjúkdóma og raskana sem hafa ágerst undanfarna áratugi, og voru sjaldgæfir áður, hvort bann á CBD spili þar eitthvert hlutverk. Vísindamenn erlendis hafa látið hafa eftir sér að það að banna CBD sé hægt að líkja við að t.d. C vítamín væri fjarlægt úr fæðu.
3. CBD er ekki vímuefni og ógerlegt er að víma sig með því.
4. Það er kominn tími til að fá CBD aftur inn í fæðukeðju eftir 80 ára fjarvist.

Þorsteinn Úlfar Björnsson

Reykjavík 25/11 2019. Er með vonda vefjagigt, áskotnaðist 10 ml. glas af Organic Full Spectrum CBD Oil, hef tekið 3 dropa að morgni í 2 vikur og er allt annar, hef ekki þurft að nota verkjalyf, svo sem Parkótin Forte, síðustu daga, en þurfti kanski 3 á dag. Þetta er allt annað lí og hvet ég til að þetta verði lögleitt hitt fyrsta. Flestar þjóðir í kringum okkur leyfa þetta. Verum ekki alltaf langt á eftir öllum öðrum í hjálp til að gera lífið bærilegra.
Þórhallur Björnsson kt 061253-4919

Þórhallur Björnsson

Viðskiptafr.-lögg. endurskoðandi

Hraunbær 128

Pórunn Þórs Jónsdóttir

Reykjavík, 26. nóvember 2019

Umsögn vegna:

CBD í almennri sölu

285. mál, þingályktunartillaga

Ég mæli eindregið með því að CBD verði leyft í almennri sölu á Íslandi. CBD olía eða Hampolía er náttúrleg vara sem flokkast undir fæðirbótaefni í flestum löndum. Í Evrópu er CBD olía leyf í flestum löndum og í öllum fylkjum Bandaríkjana og mun víðar um heim allan.

CBD er ekki ávinubindani, skaðleg eða hægt að valda sjálfum sér skaða.

Ég lít á CBD sem lýsið mitt og finnst mér það algjör mannréttindabrot að leyfa Íslendingum ekki að versla og neyta CBD/Hamp olíu. Fyrir utan kemur olían frá einni bestu nytja plöntu sem til er á þessari jörðu og verð ég að segja að mér finnst aljögur skömm að við Íslendingar fáum ekki að rækta, nota eða nýta þessu frábæru plöntu sem getur ekkert nema gott gert, fyrir náttúruna, loftslagsmál, iðnaðar og svo mætti lengi telja

Einig þurfum við að átta okkur á því að við erum með viðtakar í líkamanum sem nærast á þessari frábæru olíu og virðast gera það eins og super food, boostar kerfið okkar til að fara vinna betur í sér og koma honum í betra jafnvægi.

Við erum með ECS kerfi í líkama okkar sem við erum að næra með CBD olíu

CBD1 og CBD2 móttakara í líkama okkar sem við erum að næra með CBD olíum, alveg eins og aðra viðtakar sem við nærum t.d. með C-vítamíni eða D-vítamíni og lengi mætti telja upp.